Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Gott að eldast

Aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023–2027

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

Gott að eldast

Aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023–2027

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

**Gott að eldast, aðgerðaáætlun
um þjónustu við eldra fólk 2023–2027**

Unnið af: Verkefnisstjórn um
heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk
Hönnun og umbrot: TVIST

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúla 24 – 108 Reykjavík

545 8100 | frn@frn.is
545 8700 | hrn@hrn.is

Maí 2023 | ISBN 978-9935-513-21-2
© 2023 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
© 2023 Heilbrigðisráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

Inngangur 6
Aðgerðaáætlun 10

A. Samþætting 11

A.1 Þróunarverkefni um samþætta heimaþjónustu 11
A.2 Heima-endurhæfingarteymi 14
A.3 Efling og þróun dagdvalar 16
A.4 Þróunarverkefni stuttinnlagna 18
A.5 Samræmt matstæki og aðgengi að upplýsingum milli þjónustuaðila 20
A.6 Ein gátt fyrir allar beiðnir fagfólks um heimaþjónustu og dagdvöl. 22
A.7 Öryggiskerfi og aukið samstarf við heimaþjónustu 23

B. Virkni 24

B.1 Alhliða heilsuefling 24
B.2 Upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta og sérhæfður stuðningur fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þess 26
B.3 Efld öldrunarráðgjöf 28

C. Upplýsing 30

C.1 Vitundarvakning um heilbrigða öldrun 30
C.2 Efling upplýsinga, rannsókna, nýsköpunar og þróunar í þjónustu við eldra fólk 32
C.3 Ein upplýsingagátt fyrir allt landið varðandi upplýsingar um þjónustu við eldra fólk og réttindi þess 34
C.4 Upplýst starfsfólk 36

D. Þróun 37

D.1 Endurskoðun laga og bráðabirgðaákvæði vegna þróunarverkefna. 37
D.2 Miðstöð velferðartæknilausna og notkunar hjálpartækja 38

E. Heimili 40

E.1 Opinber skilgreining á húsnæði fyrir eldra fólk 40
E.2 Nýjungar í búsetufyrirkomulagi eldra fólks 42
E.3 Húsnæðisstuðningur vegna breytinga á heimilum eldra fólks 44

Skjal sótt af '000000' dags: 09.11.2026

Inngangur



Þann 10. maí 2023 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023-2027. Þetta skjal er styttri útgáfa af þingsályktuninni. Gögn til grundvallar, útskýringar og orðskýringar má nálgast í þingsályktuninni sjálfri sem finna má á vef Alþingis.

Aðgerðaáætlunin byggist á stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og viljayfirlýsingu félags- og vinnumarkaðsráðherra, heilbrigðisráðherra, fjármálaráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands eldri borgara um að auka samstarf varðandi málefni eldra fólks. Þverfaglegt samstarf félags- og heilbrigðisþjónustu er grundvallaratriði til að ná fram samlegðaráhrifum fagþekkingar á hvoru sviði fyrir sig og tryggja þannig betri þjónustu við stækkandi þjóðfélagshóp, m.a. með samþættingu á þjónustu, forvörnum, heilsueflingu og aukinni virkni.

Skipað var í verkefnastjórn í júní 2022 af Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðsráðherra, og Willum Þór Þórssyni, heilbrigðisráðherra.

Hópinn skipa:

Ólafur Þór Gunnarsson – Formaður, án tilnefningar.

Birna Sigurðardóttir – Fulltrúi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, án tilnefningar.

Elsa B. Friðfinnsdóttir – Fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins, án tilnefningar.

Guðmundur Axel Hansen – Tilnefndur af fjármálaráðuneytinu.

Helgi Pétursson – Tilnefndur af Landssambandi eldri borgara.

Kjartan Már Kjartansson – Tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Marta Guðrún Skúladóttir – Tilnefnd af fjármálaráðuneytinu.

María I. Kristjánsdóttir – Tilnefnd Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir – Fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins, án tilnefningar.

Berglind Magnúsdóttir – Verkefnastjóri verkefnastjórnar.

Sigrún Ingvarsdóttir var tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga en hætti störfum í hópnum.

Hlutverk verkefnastjórnar var að forgangsraða og útfæra tímasett markmið í aðgerðaáætlun til fjögurra ára. Verkefnastjórninni var enn fremur ætlað að vinna að innleiðingu og framkvæmd áætlunarinnar.

Skjal sótt af '000000000' dags: 09.11 2026

Aðgerðaáætluninni er ætlað að vera leiðarvísir fyrir stjórnvöld til að skapa skýra framtíðarsýn um hvaða leiðir verði farnar til að bæta þjónustu við eldra fólk og vinna heildarstefnu sem feli í sér að eitt þjónustustig taki hnökralaust við af öðru, að ábyrgð á þjónustuþáttum milli aðila verði skýr og að gráum svæðum verði útrýmt.

**Áætluninni er skipt í fimm þætti,
hverjum með sínum undirverkefnum:**

A. Samþætting

Aðgerðir samþættingar stuðli að skilgreindri samþættri félags- og heilbrigðisþjónustu sem ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á og veitt verði fólki sem býr í heimahúsi. Lögð verði áhersla á að íbúar upplifi að þjónustuúrræði styðji við búsetu þeirra heima og að hægt verði að treysta á að eitt þjónustuúrræði taki við af öðru þegar þjónustuþörf eykst. Prófaðar verði mismunandi leiðir fyrir mismunandi þjónustusvæði til samþættingar með þróunarverkefnum og verði þau svæði svokallaðir undanfarar.

B. Virkni

Í þeim hluta sem varðar virkni eldra fólks verði dregnar fram aðgerðir sem stuðli að heilbrigðri öldrun og því að eldra fólk þurfi síðar eða síður á dvöl í sértækum þjónustuúrræðum að halda. Aðstaða til alhliða heilsueflingar; andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar, verði í boði og vel kynnt. Öldrunarráðgjöf verði til staðar fyrir þá sem á þurfa að halda enda hafi hún það að markmiði að auka virkni fólks með því að umhverfið sé aðlagað að þörfum þess.

Inngangur – Aðgerðaáætlun

C. Upplýsing

Upplýsingar verði aðgengilegar og gögnum safnað til að varpa ljósi á stöðu og staðreyndir varðandi eldra fólk. Aðgerðir í þessum kafla varpi frekara ljósi á hvert umfang þjónustu við eldra fólk í heimahúsi er hvað varðar þörf, framboð og umfang. Einnig að mat á stöðu þróunarverkefna verði aðgengilegt meðan á þeim stendur og niðurstöður liggi fyrir við lok aðgerðaáætlunar.

D. Þróun

Í þróunarhluta aðgerðaáætlunar verði áhersla lögð á fulla nýtingu hjálpartækja og hraðari innleiðingu á velferðartækni, auk þess verði unnið að nauðsynlegum breytingum á lögum og reglugerðum.

E. Heimili

Lögð verði áhersla á aðgerðir sem styðji við búsetu fólks á eigin heimili og að húsnæði geti breyst í takti við breyttar aðstæður fólks. Einnig verði lögð áhersla á að nýta þau fjögur ár sem aðgerðaáætlun nær yfir til að prófa tillögur sem gætu komið fram að nýjum útfærslum á þjónustu sem styðji við sjálfstæða búsetu þrátt fyrir umfangsmiklar þjónustuþarfir.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11.2026

Aðgerðaáætlun

A.1 Þróunarverkefni um samþætta heimaþjónustu

Á árinu 2023 hefjist skilgreind þróunarverkefni á 4–6 svæðum á landinu þar sem félags- og heilbrigðisþjónusta sem veitt er eldra fólki í heimahúsi er samþætt, undir sameiginlegri mannafla- og fjármálastjórn. Samhliða þróunarverkefnum verð markvisst innleidd velferðartækni.

Markmið aðgerðarinnar verði að eldra fólk fái markvissa og samfellda þjónustu heim samkvæmt faglegu mati. Fyrir liggi niðurstöður úr þróunarverkefnum frá fjórum svæðum að lágmarki við lok tímabils.

Lýsing: Leitað verði eftir samstarfi við 4–6 þjónustusvæði sem hafi áhuga á að vinna skilgreind þróunarverkefni til þriggja eða fjögurra ára. Leitast verði eftir að fá reynslu af ólíkum leiðum hvað varðar ábyrgð á rekstri þjónustunnar sem og öðrum þjónustuþáttum sem möguleiki er á að samþætta betur við heimaþjónustu. Má í því sambandi nefna dagdvalir, heima-endurhæfingarteymi, öldrunarráðgjöf, dvalar- og hjúkrunarheimili og heimasjúkraþjálfun. Þjónustusvæði fái stuðning og ráðgjöf við innleiðingu, eftirfylgd og við mat á árangri verkefna.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2024–2027.

Um aðgerð A.1

Til þess að eldra fólk eigi raunverulegt val um að vera heima sem lengst þarf að vera öflug heimaþjónusta þar sem sveigjanleiki og öryggi eru í fyrirrúmi en einnig sérhæfing, framþróun og sterk tengsl við aðra mikilvæga þjónustuþætti. Dreifð ábyrgð á heimaþjónustu felur í sér tilhneigingu til að tekist sé á um hvaða aðili skuli sinna hvaða verkefnum með þeim afleiðingum að ekki tekst alltaf, með fullnægjandi hætti, að veita rétta þjónustu af réttum aðila á réttum tíma.

Skjal sótt af '0000' dags: 09.11.2026

Mikilvægt er að fara vel með þann mannafla sem til staðar er og einnig að gera störf í þjónustu við eldra fólk eftirsóknarverð og spennandi, m.a. með því að starfsfólk upplifi að störf þess hafi áhrif á vellíðan og öryggiskennd eldra fólks.

Samþætting heilbrigðis- og félagsþjónustu hefur verið áskorun og viðfangsefni stjórnvalda víða um heim á síðustu áratugum, með aukinni áherslu á þjónustu utan stofnana. Verkefnið er breytingaferli sem byggist á virkri þátttöku beggja ábyrgðaraðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga. Sýnt hefur verið fram á að samþætt þjónusta getur bætt líðan og heilsu eldra fólks, seinkað spítalainnlögnum og fækkað endurinnlögnum og fyrirbyggt eða seinkað flutningi á hjúkrunarheimili. Slíkur árangur næst með aukinni samfellu í þjónustu við fólk, með einfaldari boðleiðum, teymisvinnu og auknu flæði verkefna og þekkingar milli starfshópa.

Með samþættri þjónustu er hægt að breyta því hvernig umönnun eldra fólks er háttað og gera fólki kleift að lifa innihaldsríku og sjálfstæðu lífi þrátt fyrir miklar og flóknar þarfir en til þess að svo verði þarf að verða áherslubreyting í þjónustu. Snúa þarf frá áherslu á bráðaþjónustu yfir til forvarna, sjálfsumönnunar, heilsugæslu og samþættrar þjónustu. Aðkoma heimilislækna að heimaþjónustu er mjög mikilvæg enda er það oftast fjölþættur heilsubrestur sem knýr áfram þörf fyrir öldrunarþjónustu.

Í þróunarverkefni samþættingar verður leitað eftir samstarfi við svæði sem hafa áhuga á að fullsamþætta heimaþjónustu. Þau fá stuðning og ráðgjöf frá starfsfólki sem ráðið verður sérstaklega til að vinna að framgangi verkefna, m.a. með því að deila út verkefnum og ryðja úr vegi hindrunum sem geta tafið framgang þróunarverkefna. Fullsamþætt þjónusta felur í sér, samkvæmt skilgreiningu Walter Leutz frá 1999, að starfshópar heilbrigðis- og félagsþjónustu sem veita heimaþjónustu lúta sameiginlegri mannafla- og fjármálastjórn, að unnin sé teymis-vinna með sameiginlegum markmiðum og sameiginleg þjónustugátt sé til staðar.



Sameiginlegt markmið verður að vera hægt að mæla til að fylgjast með árangri sem aðilar hafa komið sér saman um þegar kemur að undirritun þjónustusamninga milli aðila.

Við val á svæðum sem óska eftir þátttöku verður horft til þess að prófaðar verði ólíkar leiðir, hvað varðar hver beri ábyrgð á mannafla- og fjármálastjórn, heilbrigðisstofnun, sveitarfélag eða annar aðili, en einnig hvað varðar að samþætta aðra mikilvæga þjónustu sem fellur undir þjónustukeðju eldra fólks, eins og dagdvalir, og nýsköpun í þjónustu, t.d. velferðartækni.

Þegar samþætt þjónusta virkar vel flæða verkefni á milli heilbrigðis- og félagsþjónustu á báða bóga og brugðist er fljótt við breytingum á áherslum og þörf á þjónustu. Ólíkir starfshópar vinna undir einni stjórn og verkefnin berast til þeirra úr einni gátt, gott upplýsingaflæði og utanumhald er á þjónustu.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11.2026

A.2 Heima-endurhæfingarteymi

Til að styðja við þróunarverkefni um samþættingu félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu undir sameiginlegri mannafla- og fjármálastjórn verði stöðugildi fjármagnað til að koma á fót heima-endurhæfingarteymi á hverju svæði sem þátt tekur í verkefninu.

Markmið aðgerðar verði að hvert þátttökusvæði hafi tækifæri til að fullreyna aðkomu heima-endurhæfingarteymis í allt að þrjá mánuði áður en til hefðbundinnar heimaþjónustu kemur.

Lýsing: Í upphafi þróunarverkefna verði unnið með svæðunum að því að ákveða hvernig best verði að stofna heima-endurhæfingarteymi sem verði að jafnaði fyrsta val í þjónustuveitingu til stærsta hluta þeirra sem sótt er um heimaþjónustu fyrir.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.
Tímabil: 2024–2027.

Um aðgerð A.2

Markmið heima-endurhæfingarteyma er að auka sjálfsbjargargetu notanda og auka möguleika hans á þátttöku í samfélaginu með fjölbreyttum og markvissum aðferðum.

Þjónusta teymis er skipulögð út frá forsendum notandans sjálfs á því hvað honum finnst mikilvægast og er þjónustan tímabundin, að hámarki þrír mánuðir. Um persónumiðaða þjónustu er að ræða sem fer fram á heimili viðkomandi notanda og er frábrugðin almennri heimaþjónustu að því leyti að markmiðið er að virkja einstaklinginn til að gera það sem hann getur svo hann geti búið sem lengst heima sjálfbjarga, að hluta eða öllu leyti. Þjónustan felur í sér tímabundna þjálfun og ráðgjöf til að auka færni, virkni og bjargráð í athöfnum daglegs lífs sem og samfélagsþátttöku.

Í upphafi þjónustuferlis er lagt fyrir matstækið Canadian Occupational Performance Measurement (COPM) þar sem einstaklingurinn metur sjálfur hvar hann telur sig skorta færni og setur sér markmið. Til að meta árangur er COPM lagt fyrir aftur við lok þjónustu. Reykjavíkurborg í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið hóf tilraunaverkefni um aðkomu slíks teymis sem fjármagnað var af ríki og sveitarfélagi árið 2014.

Núna rekur borgin þrjú slík teymi og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins eitt teymi undir nafninu Endurhæfing í heimahúsi. Fyrirmynd teymanna er komin frá Fredericia í Danmörku en sú þjónusta hefur sýnt jákvæðan árangur og hefur því verið innleidd með svipuðum hætti víða um heim. Árangur af heima-endurhæfingarteymum hefur verið mjög góður hér á landi og fyllilega í takti við erlendar niðurstöður.

Skjal sótt af '00000000' dags: 09.11.2026

A.3 Efling og þróun dagdvalar

Fleiri eigi kost á þjónustu dagdvala með áherslu á skilgreint og öflugt samstarf á milli dagdvala og heimaþjónustu.

Markmið aðgerðarinnar verði að fresta sem lengst þörf fyrir dvöl á hjúkrunarheimili með því að aðlaga þjónustu dagdvala þannig að hún komi betur til móts við þarfir eldra fólks sem býr heima og fjölskyldur þess. Auk þess að skýrara sé fyrir hverja úrræðið er og hverju það eigi að skila og að við lok tímabils verði minnst 100 dagdvalarrými sem flokkast sem sveigjanleg dagdvalarrými.

Lýsing:

a. Skilgreint hlutverk og markmið dagdvala verði endurskoðað með áherslu á að úrræði styðji betur við þarfir fólks sem býr heima.

b. Greind verði áætluð þörf fyrir dagdvöl og þörf á sveigjanlegri opnunartíma dagdvala. Á grunni greininganna verði unnið að gerð samninga um sveigjanlegar dagdvalir um land allt, bæði í almennum og sérhæfðum dagdvölum fyrir fólk með heilabilun.

c. Skilgreind verði viðmið um fjölda dagdvalarýma á landsvísu og greiðsluþátttöku gesta.

d. Lagt verði mat á hvaða matstæki eigi að nota til að meta þörf eldra fólks fyrir dagdvöl, meta framvindu og hvernig forgangi skuli háttað.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.
Tímabil: 2023–2026.

Um aðgerð A.3

Árangur við að viðhalda hárri virknigetu 80–89 ára fólks hefur lykilþýðingu til að stuðla að heilbrigðri öldrun í samfélaginu og þar með að draga úr þörf fyrir hjúkrunarheimili, segir í skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Þjónusta við aldraða, frá 2022. Samkvæmt útreikningum sem þar koma fram er samfélagslegur ávinningur um 12 millj. kr. á hvern einstakling fyrir hvert ár sem viðkomandi nýtir dagdvöl eða heimaþjónustu í stað flutnings á hjúkrunarheimili.

Af þeim 1.288 einstaklingum sem nýttu sér dagdvöl árið 2021 voru 69% 80 ára og eldri. Dagdvöl styður ekki eingöngu við virknigetu heldur dregur úr þörf fyrir heimaþjónustu á dagtíma og er því mikilvægur hlekkur í þjónustukeðju þeirra sem búa heima. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um þann hóp sem sækir dagdvalir, hvaða hópi úrræðið skilar mestum árangri og áætlaða framtíðarþörf fyrir úrræðið á landsvísu.

Lagt er til að farið verði markvisst í að afla upplýsinga, ráðast í greiningarvinnu og skýra óljós ábyrgðarskil til að hámarka gagnsemi úrræðis á landsvísu. Skilgreiningar á úrræðinu, t.d. hvað aðkomu fagstétta varðar og nafn þess, verði endurskoðaðar, sem og greiðsluþátttaka þeirra sem koma í dagdvöl og mat lagt á notkun matstækis til að meta þörf fyrir úrræði. Með sveigjanlegri dagdvöl er m.a. átt við lengd dvalar yfir daginn, sveigjanleika á komu- og brottfarartíma og einnig að hægt sé að dvelja yfir nótt.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11.2026

A.4 Þróunarverkefni stuttinnlagna

Komið verði á möguleika á innlögn til skamms tíma á hjúkrunarheimili, alls tíu slík rými á höfuðborgarsvæðinu og fjögur rými á landsbyggðinni.

Lýsing: Hjúkrunarheimili geti boðið upp á stuttinnlögn fyrir þá sem lokið hafa bráða-meðferð á sjúkrahúsum en þurfa af einhverjum ástæðum á lengri dvöl að halda, t.d. meðan beðið er eftir hjálpartækjum eða umfangsmikil heimaþjónusta er skipulögð.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.
Tímabil: 2024–2026.

Um aðgerð A.4

Stuttinnlagnir eru vel þekktar í mörgum nágrannalanda okkar en hafa ekki verið reyndar í miklum mæli hér á landi. Innlögn á sjúkrahús vegna bráðs heilsufarsvanda dregst oft á langinn eftir að bráðameðferð og greiningu er lokið en með stutt-innlögnum mætti ljúka meðferð og eftirlit vegna fullgreinds heilsufarsvanda. Í stuttinnlögn á hjúkrunarheimili mætti til dæmis ljúka bráðalyfjagjöf og hefja þann hluta endur-hæfingar sem þyrfti að vera innan stofnunar. Einnig geta slíkar innlagnir þjónað þeim tilgangi að eftir bráðaveikindi geti einstaklingur beðið þar eftir nauðsynlegum hjálpartækjum eða eftir að heimaþjónusta geti hafist.

Þar sem mikilvægt er að bregðast hratt við er ekki gert ráð fyrir aðkomu færni- og heilsumatsnefnda. Að jafnaði yrðu þessar innlagnir stuttar, oftast ein til tvær vikur. Í tilvikum þar sem ekki er þörf á flóknum rannsóknum er einnig hægt að hugsa sér að stuttinnlagnir geti tekið við fólki sem þarf að vera undir tímabundnu eftirliti en hefur ekki þörf fyrir innlögn á bráðadeild. Slík rými væru í tilraunaskyni 14 á landsvísu.

Á þeim hjúkrunarheimilum sem tækju þátt í verkefninu þyrfti að jafnaði að vera dagleg læknisþjónusta og aðgangur að bráðainnlögnum á nærliggjandi sjúkrahús. Samningar um þjónustuna yrðu gerðir af Sjúkratryggingum Íslands við rekstraraðila og í samningsmarkmiðum kæmi fram hvernig mat á þörf og forgangsröðun færi fram.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11.2026

A.5 Samræmt matstæki og aðgengi að upplýsingum milli þjónustuaðila

Tekið verði upp á landsvísu eitt samræmt matstæki til að meta þörf eldra fólks fyrir heimaþjónustu á hverju svæði fyrir sig. Upplýsingar sem varða þjónustu verði aðgengilegar þeim sem málið varðar með tilliti til þess að veita þjónustu.

Lýsing:

a. Gert verði mat á því hvort og þá hvaða mælitæki InterRAI henti til innleiðingar fyrir þjónustu sem veitt er fólki í heimahúsi þannig að hægt verði að leggja heildstætt og samræmt mat á þörf fyrir heimaþjónustu á hverju svæði fyrir sig. Gerð verði úttekt á mælitækinu sem segi til um gagnsemi mælitækisins, möguleikum til þróunar þess og þjónustu rekstrarleyfishafa við notendur tækisins áður entil innleiðingar kemur.

b. Gert verði mat á því hvort hægt sé að kalla sérstaklega fram sömu mælikvarða og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) notar fyrir heilbrigða öldrun og ef ekki, hvernig hægt væri að safna þeim upplýsingum.

c. Gert verði mat á því hvernig hægt sé að skrá umönnunar-ábyrgð og umönnunarbyrði aðstandenda þannig að ólaunað framlag sé dregið fram.

d. Unnið verði að lausn á því að upplýsingar sem skráðar eru af heimahjúkrun í heilbrigðisgrunn og skipta máli varðandi framgang þjónustunnar geti flætt yfir í upplýsingagrunn félagslegrar heimaþjónustu og öfugt.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.
Tímabil: 2023–2025.

Um aðgerð A.5

Til að tryggja samfellda þjónustu, jafnræði og hagkvæmni við veitingu hennar er mikilvægt að fyrir liggi samræmt mats-kerfi til að meta þjónustuþörf. Innleiðing á „InterRAI home care“ mælitækinu hefur þegar hafist innan heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu víða um land en til eru fleiri útgáfur af InterRAI sem meta þörf eldra fólks fyrir heima-þjónustu. Aðgerð þessi beinist að því að fullkannað verði hvort innleiða eigi „InterRAI home care“ mælitækið eða aðra útgáfu til að meta þörf eldra fólks innan heilsugæslunnar og heimahjúkrunar og vegna félagslegrar heimaþjónustu sveitarfélaga og dagdvala. Með slíku samræmdu matstæki geta upplýsingar um mat á þjónustuþörf auðveldlega færst á milli þjónustustiga og samhliða því verður að tryggja að mikilvæg atriði varðandi framgang þjónustu, sem skráð eru í gagnagrunna heilbrigðis- og félagsþjónustu, geti flætt á milli þjónustuaðila.

Til að hægt sé að fylgjast með þróun heilbrigðrar öldrunar hér á landi og bera saman milli ára og milli landa er lagt til að notaðir verða mælikvarðar fyrir heilbrigða öldrun sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur lagt áherslu á í tengslum við áratug heilbrigðar öldrunar. Jafnframt er mikilvægt að fylgjast með hvert framlag aðstandenda eldra fólks er á hverjum tíma svo hægt sé að bregðast við því með úrbótum ef sýnt þykir að álag á aðstandendur geti haft í för með sér heilsufarslega hættu fyrir þá.

Skjal sótt af '000000' dags: 09.11 2026

A.6 Ein gátt fyrir allar beiðnir fagfólks um heimaþjónustu og dagdvöl

Að fagfólk sem sækir um heimaþjónustu, þ.m.t. heimasjúkraþjálfun og heima-endurhæfingarteymi og dagdvöl, geti sótt um þjónustuna í gegnum eina þjónustugátt.

Lýsing: Gerð verði úttekt og mat lagt á reynslu af því að allar beiðnir frá heilbrigðis-stofnunum um samþætta heima-þjónustu í Reykjavík séu sendar í gegnum sjúkraskrárkerfið Sögu. Á grunni þess mats verði tekin ákvörðun um hvort sú leið eða önnur verði valin fyrir eina umsóknargátt í samvinnu við sveitarfélög.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.
Tímabil: 2023–2024.

Um aðgerð A.6

Meginþorri íbúa landsins sækir almenna þjónustu sveitar-félaga og þjónustu á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustunnar, þar með talið eldra fólk. Þörf fyrir heimþjónustu eykst með auk-num aldri, flestir sem þurfa á henni að halda eru á aldrinum 80–89 ára, og heilsubrestur er meginástæða fyrir því að sótt er um slíkra þjónustu. Um 80% beiðna um heimahjúkrun í Reykjavík á árinu 2021 komu frá Landspítala, heilsugæslu og öðrum heilbrigðisstofnunum. Mikilvægt er að einstaklingur sem lokið hefur meðferð á sjúkrahúsi, komist greiðlega heim og fái rétta þjónustu.

Þessi aðgerð tekur á aðgengi þeirra fagaðila sem sækja um heimaþjónustu, hvort heldur sem er heimahjúkrun eða heimaþjónustu sveitarfélaga, að skilvirkari leið. Ein af megin-forsendum samþættrar heilbrigðis- og félagsþjónustu er ein sameiginleg beiðnagátt þar sem sótt er um þjónustu og að þar taki við þverfaglegt teymi sem meti hvaða þjónusta skuli veitt. Þessi aðgerð er því nauðsynleg til að samþætting heimaþjónustu gangi vel upp.

A.7 Öryggiskerfi og aukið samstarf við heima-þjónustu

Hækkað verði hlutfall þeirra sem hafa aðgang að niðurgreiddu öryggis-kerfi (t.d. öryggishnappi) og aukin samvinna milli sveitarfélaga og þeirra sem þjónusta öryggiskerfi.

Lýsing: Skoðað verði hvernig hægt sé að nýta öryggishnappa eða önnur öryggiskerfi fyrir eldra fólk sem þjónustuúrræði innan heimaþjónustu, sem og hvernig hægt sé að tengja þjónustuaðila öryggiskerfa betur við félags- og heilbrigðis-þjónustu sem veitt er á heimilum eldra fólks. Horft verði til reynslu annarra landa.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2024–2025.

Um aðgerð A.7

Öryggiskerfi hafa mjög rutt sér til rúms sem eitt af þeim tækjum sem nýtt eru í þjónustu við eldra fólk. Hingað til hafa hér á landi ekki verið mikil tengsl milli þjónustuaðila slíkra kerfa og þeirra sem veita heimaþjónustu. Markmið verkefnis-ins er að fjölga þeim sem nota slíka þjónustu og tengja hana við önnur þjónustukerfi svo að þjónustan verði árangursríkari og hluti af samþættri þjónustu. Gæta þarf sérstaklega að þeim þáttum sem snúa að persónu-vernd vegna notkunar slíkrar þjónustu. Mikilvægt er að við upphaf þjónustu inni á heimili eldra fólks sé metið hvort öryggiskerfi sé nauðsynlegt og hvernig megi samnýta þá þjónustu sem þar býðst og þjónustu sem kemur frá öðrum kerfum.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11.2026

B.1 Alhliða heilsuefling

Aðgengi eldra fólks að alhliða heilsueflingu, það er andlegri, félagslegri og líkamlegri, verði tryggt um land allt og að unnið verði eftir áherslum WHO varðandi áratug heilbrigðrar öldrunar.

Lýsing:

a. Upplýsingar um alla virkni, hreyfingu, félagsstarf, sjálfboðaliðastarf og annað sem flokkast getur undir alhliða heilsueflingu, verði aðgengilegt á Ísland.is.

b. Í samvinnu við sveitarfélög og heilsugæslu verði skoðað hvernig hægt sé að efla enn frekar þjónustumiðstöðvar sem vettvang alhliða heilsueflingar og tengja þær betur við heimaþjónustu.

c. Notaður verði þekkingarvefurinn Heilsuvera þar sem þróað verði sjálfsmat þar sem viðkomandi geti fylgst með heilsu sinni og fengið leiðbeiningar um heilsueflandi aðgerðir út frá niðurstöðu matsins.

d. Ákvarðað verði hvar starfshópur áratugar heilbrigðrar öldrunar skuli staðsettur innan stjórnsýslunnar. Gerð verði skilgreining á verkefni starfshóps, ábyrgð og skipun hópsins.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2023–2024.

Um aðgerð B.1

Með aðgerðinni er leitast við að auka aðgengi að upplýsingum um heilsueflandi starf, hvort heldur er almennar upplýsingar eða leiðbeiningar um slíkt starf innan sveitarfélags eða svæðis. Í samvinnu við heilsueflandi samfélög skal hvatt til þess að fólk hafi aðgang að heilsueflingu sem sérstaklega er skilgreind fyrir eldra fólk. Mikilvægt er að nota þau tæki sem þegar eru til við upplýsingagjöf og leiðbeiningar.

Í samvinnu við sveitarfélög og heilsugæslu verði mörkuð sú stefna að þjónustumiðstöðvar og mannvirki sveitarfélaganna séu nýtt í þessum tilgangi í ríkari mæli en nú er. Sveitarfélög verði hvött til að taka upp samstarf við íþróttafélögin um þátttöku eldra fólks og að eldra fólki verði gert auðvelt að nota sér aðstöðu og þekkingu félaganna til að viðhalda og bæta líkamlega getu.

Á tímabilinu verði tekin ákvörðun um hvernig best er að haga starfi tengdu áratug heil-brigðrar öldrunar.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11.2026

B.2 Upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta og sérhæfður stuðningur fyrir fólk með heila-bilun og aðstandendur þess

Fólk með heilabilun og aðstandendur þess um land allt hafi aðgang að sérhæfðum stuðningi og standi til boða almenn upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta.

Lýsing:

a. Tryggt verði aðgengi að sérhæfðum stuðningi fyrir allt landið með því að ráðnir verði þrír ráðgjafar með góða þekkingu á heilabilun. Viðræður fari fram við hagaðila um staðsetningu þeirra og starfsstað.

b. Gerður verði samningur til þriggja ára um rekstur upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu með síma- og netspjalli fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þess. Með samningnum verði veitt fjármagn til að kosta einn ráðgjafa allan samnings-tímann. Sú þekking sem fæst á tímabilinu verði notuð til að efla sérhæfðari ráðgjöf sem sveitarfélög/heilsugæsla geta veitt í nærumhverfi.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2023–2025.

Um aðgerð B.2

Mjög er kallað eftir sérhæfðum stuðningi fyrir fólk með heila-bilun en ekki síður aðstandendur þeirra. Mikilvægt er að viðurkenna að álag á aðstandendur getur verið það mikið að viðkomandi á að hættu sjálfur að veikjast eða sjá sér ekki fært að veita nauðsynlegan stuðning við sjálfstæða búsetu þess sem er með heilabilun. Það er því í þágu alls samfélagsins að óformlegir umönnunaraðilar njóti stuðnings við það hlutverk sitt með ýmsu móti. Sérhæfðum stuðningi með ráðningu þriggja ráðgjafa með góða þekkingu á heilabilun er m.a. ætlað að draga úr álagi á aðstandendur og vinna með fjölskyldum að gerð persónulegra áætlana eftir að greining um heila-bilun liggur fyrir. Eftir atvikum má gera ráð fyrir að ráðgjafar verði staðsettir á einum til tveimur stöðum. Búið verði þannig um að fólk geti hitt ráðgjafa, fengið netspjall, fjarfund eða símaráðgjöf. Aðgerðaáætlun um þjónustu við einstaklinga með heilabilun skal höfð til hliðsjónar við vinnslu aðgerðar.

Auk þess er þessari aðgerð ætlað að tryggja auðvelt og vel auglýst aðgengi að upplýsingum og almennri ráðgjöf um hvað eina sem varðar heilabilun, svo sem hvert skal leita þegar grunur er um heilabilun og hvar þjónustu og sérhæfðari ráðgjöf er að finna. Um netspjall, fjarfund eða símaráðgjöf væri að ræða.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11.2026

B.3 Efld öldrunarráðgjöf

Eldra fólk búi við þær aðstæður að geta sem allra lengst haldið virkni sinni heima við með því að tryggja að til staðar séu öldrunarráðgjafar sem starfi með einstaklingum sem þurfa á umfangsmikilli þjónustu að halda og fjölskyldum þeirra og að skilgreindir málstjórar/þjónustustjórar séu til að reka mál viðkomandi.

Lýsing:

a. Unnið verði í samstarfi við hluteigandi aðila að skilgreiningu á því hvað felist í öldrunarráðgjöf og verklagi um hvernig tryggja megi að um land allt sé aðgengi að öldrunarráðgjöf.

b. Unnið verði í samstarfi við hluteigandi aðila að skilgreiningu á því hvenær, hvar og hvernig málstjórahlutverk heilsugæslu eða sveitarfélags virkjast.

c. Unnið verið að verkefni þar sem samvinna milli félagsráðgjafa spítala og öldrunarráðgjafa sem starfa við heimaþjónustu verði efld og unnið verði að skilgreiningum á ábyrgð hvers og eins.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2023-2027.

Um aðgerð B.3

Þær áskoranir sem eldra fólk stendur frammi fyrir þegar það hefur þörf á þjónustu frá opinberum aðilum eru að mörgu leyti ólíkar þeim sem yngra fólk stendur frammi fyrir. Heilsubrestur og skert geta til að sjá um daglegar athafnir, ótti við hið ókomna, missir og sorg vegna fráfalls maka eða meiri háttar lífsbreytingar kalla á aðkomu fagfólks sem sérstaklega þekkir til öldrunarráðgjafar. Slíka ráðgjöf þarf að þróa og styrkja hér á landi og vera aðgengileg bæði eldra fólki og aðstandendum þess á öllum stigum þjónustunnar.

Mikilvægt er að efla þverfaglega teymisvinnu og fjölga þeim fagstéttum sem koma að þjónustu við eldra fólk en með eflingu öldrunarráðgjafar ætti öflugri yfirsýn að nást yfir þarfir fólks og úrræði og bjargir sem standa til boða frá hinu opinbera og í nærumhverfi.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11.2026

C.1 Vitundarvakning um heilbrigða öldrun

Dregið verði úr félagslegri einangrun og aldursfordómum og þekking aukin meðal almennings á mikilvægi alhliða heilsueflingar, samveru og samskipta milli kynslóða ásamt því að vekja fólk til umhugsunar um hvernig það geti sem best tryggt sér farsælt líf á efri árum.

Lýsing:

a. Unnið verði að kynningarátaki á Ísland.is sem upplýsingamiðju fyrir upplýsingar um þjónustu við eldra fólk. Auk þess verði farið í vitundarvakningarátak með notkun kynningarmyndbanda, auglýsinga og fyrirlestra þar sem gagnlegum og gagnreyndum upplýsingum verði komið á framfæri til almennings með áherslu á forvarnargildi og lýðheilsu.

b. Í tengslum við áratug heilbrigðrar öldrunar verði undirbúinn árlegur dagur til að draga athyglina að mikilvægri þátttöku eldra fólks.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2023–2027.

Um aðgerð C.1

Aldursfordómar og öldrunarfordómar eru til í flestum samfélögum. Með vitundarvakningu um heilbrigða öldrun og átaki gegn fordómum er stefnt að því að gera samfélagið og þátttöku í því aðgengilegra fyrir alla aldurshópa. Samskipti milli kynslóða eru nauðsynleg til að menning og þekking kynslóða flytjist á milli, jafnframt því að búa í haginn fyrir nýjungar og framþróun byggða á traustum grunni. Með upplýsingu um heilsueflingu og gildi hennar og almennri þátttöku eldra fólks er einnig unnið gegn félagslegri einangrun og einmanaleika.

Við undirbúning aðgerðaáætlunar komu fram mjög skýr skilaboð frá hagaðilum að nauðsynlegt væri að ráðast í vitundarvakningu um ýmsa þætti sem stuðlað geta að farsælli öldrun. Slík vitundarvakning verður að ná til breiðs aldurshóps og stuðla að því að fólk taki upplýstar ákvarðanir sem áhrif hafa á líf þess á seinna æviskeiði. Gerð kynningarefnis og birting fræðsluefnis og auglýsinga í þeim tilgangi myndi svo ýta enn frekar undir aðgerðina.

Með Ísland.is sem miðju slíks átaks má einnig tengja eldra fólk og fjölskyldur þess betur við áreiðanlegar upplýsingar um þjónustu við eldra fólk, eðlilega öldrun og leiðir til að bregðast við breytingum á stöðu fólks eftir því sem aldurinn færist yfir. Árlegur dagur heilbrigðrar öldrunar yrði síðan nokkurs konar flaggskip slíks verkefnisins, þar sem tiltekin málefni tengd öldrun væru í brennidepli hverju sinni, með það að markmiði að auka þátttöku eldra fólks og auka skilning alls samfélagsins á málefnum eldra fólks.

Skjal sótt af '00000000' dags: 09.11 2026

C.2 Efling upplýsinga, rannsókna, nýsköpunar og þróunar í þjónustu við eldra fólk

Fyrir liggi aðgengilegar, tímanlegar og samræmdar tölfræðilegar upplýsingar og niður-stöður úttekta og rannsókna sem hægt verði að nota við ákvarðanatöku um skipulag þjónustu og forgangsröðun fjármuna vegna félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk.

Lýsing:

a. Stutt verði við fyrirhugaða eflingu Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ) þar sem markmið og verkefni stofunnar verði útvíkkað, bæði hvað varðar aðkomu aðila að henni og hlutverk hennar innan öldrunarfræða.

b. Á einum stað verði safnað tímanlegum og samræmdum upplýsingum sem varða félags- og heilbrigðisþjónustu eldra fólks sem og stöðu þess hvað líðan og velferð varðar.

c. Rannsókn verði gerð á framgangi og niðurstöðum þróunarverkefna.

d. Gert verði kostnaðarmat á meðan og eftir að þróunarverkefnum lýkur til að meta hvort breyting verði, og þá hver, fyrir þjónustuaðila af samþættri heimaþjónustu. Upplýsingar verði kynntar aðilum með reglulegu millibili.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið beri ábyrgð á a- og b-lið og félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið á c- og d-lið.
Tímabil: 2024–2027.

Um aðgerð C.2

Þjónusta við eldra fólk þarf ekki eingöngu að vera skilvirk og veitt eftir bestu þekkingu um árangur heldur verður hún að taka mið af þeim óskum og væntingum sem eldra fólk og aðstandendur þess hafa. Í fyrirliggjandi skýrslum sem stuðst er við kemur m.a. fram að til verði að vera mælaborð þar sem hægt sé að sækja í rauntíma ýmsar tölulegar upplýsingar sem varða eldra fólk.

Með þessari aðgerð ætti að verða til vettvangur sem ákvarðar hvaða tölum skuli safna, safna þeim saman og vinna úr þeim. Einnig að á sama stað verði haldið utan um niðurstöður úr þeim könnunum sem gerðar eru um líðan og hagi eldra fólks sem og efldar notendakannanir og kannanir sem varpa ljósi á framtíðarsýn þeirra sem koma til með að fylla flokk eldra fólks á komandi áratugum. Þeim þróunarverkefnum sem farið verður í verður fylgt eftir þannig að bæði safnist gagnlegar upplýsingar á meðan á þeim stendur og við lok þeirra.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11 2026

C.3 Ein upplýsingagátt fyrir allt landið varðandi upplýsingar um þjónustu við eldra fólk og réttindi þess

Að hægt verði að nálgast með einföldum hætti upplýsingar, viðeigandi umsóknareyðublöð og almenna ráðgjöf um allt það sem varðar þjónustu við eldra fólk, bæði félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Hægt verði að nota netspjall eða símtal gerist þess þörf.

Lýsing: Í samstarfi við Ísland.is verði unnið að þróunarverkefni til þriggja ára um upp-lýsinga- og ráðgjafargátt fyrir allt landið með upplýsingum um þjónustu við eldra fólk og réttindi þess. Þar verði hægt að nálgast eftir póstnúmerum upplýsingar og umsóknareyðublöð, en auk þess verði hægt að fá almenna ráðgjöf varðandi réttindi og þjónustu.

Byrjað verði með tvo ráðgjafa sem sinni almennri ráðgjöf. Ráðgjafarnir verði í sambandi við aðra aðila, svo sem félags-þjónustu sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustuna. Samhliða ráðgjöfinni verði gögnum safnað um helstu atriði sem eldra fólk og aðstandendur þess þurfa ráðgjöf um og stuðning við. Á grunni þeirra upplýsinga sem safnað verði gegnum ráðgjöfina verði lagt mat á framtíðarskipulag ráðgjafar/hagsmunagæslu fyrir eldra fólk.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2024-2027.

Um aðgerð C.3

Töluvert hefur verið kallað eftir því að upplýsingar og ráðgjöf um þjónustu og réttindi séu aðgengileg. Aðgerðin felur í sér að á einum stað verði hægt að nálgast allra upplýsingar og eyðublöð til að sækja um þjónustu. Einnig að hægt verði að leita rauntímaupplýsinga og ráðgjafar með einföldum hætti, t.d. í netspjalli. Eðlilegast er að þróa slíka gátt í gegnum Ísland.is, þannig að öllum sé kleift að ná í upplýsingar á einum stað, bæði um eðli ýmissa þjónustuþátta og um framboð og aðgengi að þeim á viðkomandi svæði.

Með tengingu við sveitarfélög og þjónustuaðila á vettvangi verður hægt að hafa ráðgjöfina og upplýsingar lifandi, og auðvelt að uppfæra og beina fólki í réttan farveg eftir þörfum þess.



Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11.2026

C.4 Upplýst starfsfólk

Að starfsfólk sem sinnir eldra fólki hafi aðgang að fræðslu sem styður við búsetu fólks heima, virkni og vellíðan.

Lýsing: Fræðsluefni verði þróað eða staðfært með aðkomu m.a. háskólasamfélagsins, símenntunarmiðstöðva og stéttarfélaga með áherslu á persónumiðaða þjónustu, þjónustu við fólk með heilabilun, velferðartækni, tilfinningavanda eldra fólks, lausnamiðaða nálgun og teymisvinnu.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2023–2025.

Um aðgerð C.4

Starfsfólk í öldrunarþjónustu er með mismunandi menntun og er oft við vinnu á heimilum fólks eða við aðstæður þar sem beðið er um upplýsingar frá starfsfólkinu um þjónustumöguleika. Gæði þjónustunnar byggist á vel upplýstu starfsfólki og því mikilvægt að þessum hópi standi til boða góð fræðsla.

Með eflingu heimahjúkrunar aukast kröfur um sérþekkingu og þarf að huga sérstakleg að því. Fyrir þennan hóp er fræðsla líka mikilvæg til að gera störfin eftirsóknarverð og til að bæta þá þjónustu sem hann veitir. Mikilvægt er að háskólasamfélagið, símenntunarstöðvar, stéttarfélögin og sveitarfélög komi að þróun verkefnisins og m.a. verði horft til mismunandi aðstæðna eftir svæðum, vinnustöðum og bakgrunni starfsfólks.

D.1 Endurskoðun laga og bráðabirgðaákvæða vegna þróunarverkefna

Löggjöf um réttindi, þátttöku og skipulag þjónustu við eldra fólk verði endurskoðuð til að mæta betur þörfum eldra fólks og löggjöf hamli ekki framgangi þróunarverkefna.

Lýsing: Settur verði á fót starfshópur til að vinna að tillögum um breytingar á lögum sem varðar eldra fólk. Sérstaklega verði horft til þess að löggjöf sé skýr varðandi ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Breytingar verði gerðar á viðeigandi lögum sem stoð fyrir þróunarverkefni.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2023–2025.

Um aðgerð D.1

Meðan á tímabili aðgerðaáætlunar stendur er mikilvægt að jafnhliða verði unnið að endurskoðun á lögum sem varða þjónustu við þennan hóp, m.a. lögum um málefni aldraða, sem og þeim þáttum félagsþjónustulaga sem snerta sérstaklega málaflokkinn og lögum um heilbrigðisþjónustu. Metið verði hvort og þá hvernig þurfi að breyta lögum til að mæta breyttum aðstæðum, og einnig hvort þörf sé á sérstökum lögum um málefni eldra fólks.

Þá verði einnig fylgst með því hvort gera þurfi lagabreytingar til að mæta þörfum þróunarverkefna eftir því sem aðgerðaáætlun vindur fram. Þá verði skoðað sérstaklega hvort ný lagaákvæði sem snerta sérstaka þjónustuþætti, hvort heldur er á ábyrgðarsviði ríkis eða sveitarfélaga, séu nauðsynleg.

Skjal sótt af '0000' dags: 09.11.2026

D.2 Miðstöð velferðar-tæknilausna og notkunar hjálpartækja

Að hlutur velferðartækni í allri þjónustu sem veitt er eldra fólki verði aukinn og innleitt það verklag að nauðsynleg hjálpartæki séu sett upp við upphaf heimaþjónustu.

Lýsing: Starfshópi sem skipaður verði hluteigandi aðilum verði falið að gera lýsingu á hlutverki miðstöðvar um velferðar tækni, leggja mat á staðsetningu slíkrar starfsemi og leiðir til að tengja notkun hjálpartækja við miðstöðina.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið.
Tímabil: 2023–2024.

Um aðgerð D.2

Í þingsályktun um mótun stefnu í aðdraganda aðgerða-áætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030 sem samþykkt var vorið 2022 segir: „Velferðartækni verði notuð í þjónustu við eldra fólk í öllum heilbrigðisumdæmum.“

Velferðartækni byggist á því að til verði ný þekking um búnað og lausnir sem nýta megi m.a. á heimilum þeirra sem þurfa á aðstoð að halda. Það sem kallast velferðartækni núna getur eftir ár verið orðið að hefðbundinni söluvöru, t.d. ryksuguvélmenni. Eins getur lausn sem núna flokkast sem velferðartækni orðið eftir ár að tæki sem hjálpar-tækjamiðstöðin úthlutar og greiðir fyrir. Skilin milli velferðar-tækni og fjarheilbrigðisþjónustu eru ekki skýr og eiga ekki að vera það. Það er því mikilvægt að ríkið sé í fararbroddi hvað velferðartækni varðar án þess að draga úr því frumkvæði sem sveitarfélög og fyrirtæki sýna.

Innleiðing velferðartækni hvað varðar fjarheilbrigðisþjónustu er krefjandi og kostnaðarsamt verkefni sem krefst þess að verkferlar séu vel hannaðir og standist þær kröfur sem embætti landlæknis og Persónuvernd gera. Þar sem framgangur velferðartækni hér á landi hefur tafist vegna fyrrgreindra krafna er talið nauðsynlegt að til sé miðstöð velferðartæknilausna fyrir allt landið sem sé einnig miðstöð framþróunar og notkunar hjálpartækja.

Með stofnun og rekstri miðstöðvar á þessum forsendum er lagður grunnur að því að fólki sé gert mögulegt að búa heima og kostnaður vegna hjálpartækja sé samfélagslegur kostnaður við að tryggja lengri sjálfstæða búsetu. Gera má ráð fyrir að álag á heimaþjónustu og þrýstingur á notkun dýrari úrræða minnki þegar starfsemi miðstöðvarinnar er komin í fullan gang.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11.2026

E.1 Opinber skilgreining á húsnæði fyrir eldra fólk

Eldra fólk geti gengið að því gefnu hvaða þjónusta er í boði í húsnæði sem skilgreint er fyrir eldra fólk. Einnig að fyrir liggi í húsnæðisáætlunum sveitarfélaga hvar reistar verði og hversu margar íbúðir fyrir eldra fólk.

Lýsing:

a. Starfshópi verði falið að greina þarfir og koma með tillögur um skilgreiningar á húsnæði fyrir eldra fólk. Jafnframt geri hann tillögu um hvar slíkum skilgreiningum verði best fyrir komið til að þær nái fram markmiðum sínum.

b. Könnuð verði þörf og möguleikar á því að þjónustuíbúðum sem sveitarfélög eiga og skilgreindar eru sem félagslegt húsnæði geti verið úthlutað til eldra fólks eingöngu vegna þjónustuþarfa.

c. Gerð verði könnun á því hvaða væntingar þeir sem nú eru 50–65 ára hafa til búsetu á efri árum.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2024.

Um aðgerð E.1

Íbúðir fyrir eldra fólk bjóðast víða á frjálsum markaði. Oft eru þær í fjölbýlishúsum, byggðar af einkaaðilum eða félagasamtökum, í einkaeign eða til útleigu, og oft í nágrenni við hjúkrunarheimili eða félags- og þjónustumiðstöðvar eldra fólks. Aðstaða í þessum íbúðum og þjónusta sem stendur íbúum til boða getur verið mismunandi.

Við byggingu og frágang íbúða fyrir eldra fólk hefur verið gætt að aðgengis- og öryggismálum, svo sem með lyftum, handriðum, breiðum göngum og öryggisdúkum á gólfum. Íbúum stendur til boða opinber þjónusta með sama hætti og öðrum íbúum viðkomandi sveitarfélags. Skv. 13. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, telst til öldrunarþjónustu sveitarfélaga að sjá til þess að til séu þjónustuíbúðir aldraðra. Þetta geta verið sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir.

Jafnframt segir í 16. gr. laganna að áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða hefst beri að afla framkvæmdaleyfis hjá ráðherra og gildir það jafnt um framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og á frjálsum markaði. Jafnframt skal skýra ráðuneytinu frá því hver muni bera ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu. Einnig segir í 16. gr. að íbúðir skuli uppfylla vissar kröfur um aðbúnað og þjónustu en þar á að vera öryggiskerfi, aðgangur að félagsstarfi og möguleiki á mat, þvotti og þrifum. Íbúar í þjónustuíbúðum greiða sjálfir fyrir þá þjónustu sem þeir kjósa að nýta sér í samræmi við gjaldskrá. Íbúðir í þjónustuíbúðum eru ætlaðar öldruðum sem geta búið sjálfstætt og eiga þeir sama rétt og aðrir á heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu.

Samkvæmt lögum geta því bæði sveitarfélög og einkaaðilar farið í framkvæmdir við byggingu þjónustuíbúða og borið ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu. Í aðgerðinni verði farið yfir þær skilgreiningar sem liggja fyrir og koma með tillögur um skilgreiningar sem styrkja enn frekar að húsnæðisúrræði styðji við farsæla búsetu á eigin heimili.

Skjal sótt af '000000' dags: 09.11.2026

E.2 Nýjungar í búsetu-fyrirkomulagi eldra fólks

Kortlögð verði tækifæri sem gefast til að gera eldra fólki kleift að búa sem lengst heima með því að greina, skoða og prófa að nýta hluta fjármagns sem ella færi í rekstur dvalar- og hjúkrunarrýma í þjónustu sem fellur nær sjálfstæðri búsetu.

Lýsing:

a. **Hugmyndateymi.** Stofnað verði teymi m.a. með aðilum frá ráðuneytum, sveitarfélögum og Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu sem vinni í anda framtíðarfræða við að fanga möguleika til nýbreytni á nýtingu þess fjármagns sem í dag fer til reksturs og uppbyggingar dagdvala og hjúkrunar-heimila utan höfuðborgarsvæðis. Unnið verði með þeim sveitarfélögum og hjúkrunarheimilum sem hafa áhuga á að fara í slíka rýni.

b. **Framtíðarteymi.** Stofnað verði teymi um nýjungar í búsetu-fyrirkomulagi eldra fólks sem er í þörf fyrir fjölbreytta þjónustu. Teymið hafi það hlutverk að greina fyrirliggjandi tillögur m.a. varðandi greiðsluþátttöku íbúa á hjúkrunar-heimilum. Teyminu verði ætlað að leggja fram tillögu að þróunarverkefni um breytt fyrirkomulag búsetuúrræða og greiðslufyrirkomulags.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2024–2026

Um aðgerð E.2

Aðgerðaáætlun í heild sinni er til fjögurra ára og auk verkefna-stjórnar sem ætlað er að fylgja henni eftir er gert ráð fyrir ráðningu þriggja starfsmanna vegna þróunarverkefna sem tilgreind eru í aðgerð A.1, til að vinna sérstaklega að fram-gangi þróunarverkefna. Hvert og eitt þróunarverkefni felur í sér nýsköpun og er starfsmönnum aðgerðaáætlunar einnig falið það hlutverk að vakta góðar hugmyndir, leggja til við verkefnastjórn að þær verði prófaðar á tímabilinu og fylgja þeim eftir.

Þannig er þessari aðgerð ætlað að nýtast til að hrinda af stað ófyrirséðum aðgerðum ef þær fela í sér nýbreyti við að falla frá stofnanaþjónustu en veita þó örugga þjónustu.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11.2026

E.3 Húsnæðisstuðningur vegna breytinga á heimilum eldra fólks

Að til staðar verði fjárhagslegur og tæknilegur stuðningur og aðstoð til að gera nauðsynlegar breytingar á heimili fólks þegar mat liggur fyrir um nauðsyn þeirra til að eldra fólk geti haft búsetu heima.

Lýsing: Starfshópur greini þörf og komi með tillögur um styrki, mat og fyrirkomulag til að fjármagna breytingar og skipuleggja breytingar á heimilum þeirra sem þyrftu að öðrum kosti að flytja á hjúkrunarheimili.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
Tímabil: 2024-2027.



Um aðgerð E.3

Skortur á nauðsynlegum breytingum á húsnæði fólks á ekki að vera tilefni þess að flutningur á dvalar- eða hjúkrunar-heimili sé eina lausnin. Með vaxandi möguleikum á að veita flóknari þjónustu heim, og jafnhliða aukinni áherslu á að fólki sé raunverulega gert kleift að búa sjálfstætt, vex þörfin á að breytingar á húsnæði og aukin notkun hjálpartækja mæti þessum væntingum.

Skoðað verði hvort hið opinbera eigi í meiri mæli að bjóða sérstaka styrki til að auðvelda fólki breytingar á húsnæði til að gera aðgengi betra, eða gera auðveldara að veita þar flóknari þjónustu. Veitt verði aðstoð við að meta þörf á breytingum, aðstoð við tæknilega útfærslu og aðstoð við framkvæmdir þar sem þess gerist þörf.

Þörf á þjónustu frá opinberum aðilum eru að mörgu leyti ólíkar þeim sem yngra fólk stendur frammi fyrir. Heilsubrestur og skert geta til að sjá um daglegar athafnir, ótti við hið ókomna, missir og sorg vegna fráfalls maka eða meiri háttar lífsbreytingar kalla á aðkomu fagfólks sem sérstaklega þekkir til öldrunarráðgjafar. Slíka ráðgjöf þarf að þróa og styrkja hér á landi og vera aðgengileg bæði eldra fólki og aðstandendum þess á öllum stigum þjónustunnar.

Mikilvægt er að efla þverfaglega teymisvinnu og fjölga þeim fagstéttum sem koma að þjónustu við eldra fólk en með eflingu öldrunarráðgjafar ætti öflugri yfirsýn að nást yfir þarfir fólks og úrræði og bjargir sem standa til boða frá hinu opin-bera og í nærumhverfi.

Skjal sótt af '0000000' dags: 09.11 2026

Gott að eldast

Aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027

Skýrsla 000000000 dags. 00.

Gott að eldast

Skjal sótt af '0000000000' dags. 09.

Nánari upplýsingar á
gottadeldast.is